

HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1908.

II. blað.

„Jehóva var ekki í vindinum.”

I. Konungab. XIX. 11.

Hér ríður nú Alfaðir veraldar vegi
í vindinum uppi á grænskóga teigi.
Og Sleipnir slær greinarnar háu frá hnjúnum,
og hrytur um laufin svo þýtur í trjúnum.

Af rjúkandi faxinu regnstraumar boga,
svo rauðhitna skeifur, að eldingar loga—
Og sólin, sem glampar í gustbólstra-sfúum,
er gullhjálmur Óðins sem veður í skýjum.

Því Óðinn ei bíður, svo logn sé sitt leiði
að loftið sé ugglaust og sólskin í heiði—
Hann andaði á jörðina vökvandi vindi,
svo veröldin grátfögur sýndi sitt yndi.

Stephan G. Stephansson.



Grönnin

Sumarið var liðið og komið haust.

Vindurinn blés og næddi um skóginn, með þungu söghljóði. Hann kom frá hafinu, og bar sjávarloftið inn að fjöllumunum; lengra komst hann ekki með hráslagakuldann.

Laufin voru farin að gulna og detta á þau rotnunarblettir. En grænu skúfarnir á gröninni kinkuðu kelli og hniptu hver í annan, eins og þeir segðu: „Þau eiga ekki langt eftir.“ Og þau gulnuðu meira og meira, og sum urðu fagurraud.

En grönin, sem gnafði trjáa hæst, leit með tignarsvip úr veldishæð sinni yfir skóginn.

Það hafði oft verið dáðst að henni, en sú aðdáun var tvennskona, eða máské réttara sagt, það fylgdu lofinu athuga-semdir: „Ef skóginum væri rutt í burtu, og hún ein skilin eftir, þá bæri meira á fegurð hennar“ sögðu sumir, „og þá væri hún til einstökustu prýði.“ „Jú, hún var svo sem ljómandi fallett tré, ekki vantaði það, en til hvers var hún nú eiginlega; eins og hún stóð þarna,“ spurðu aðrir. „Var ekki nær að gera sér eitthvað úr henni?“ Og svo giskudu þeir á hvað myndi fást fyrir hana.

Laufin gátu nú ekki með nokkru móti haldið sér á kvistunum. Þau mistu af þeim og hröpuðu, tóku margar sveiflur hingað og þangað, hringsnerust hvert um annað og féllu svo niður á jörð.

Og nú sást langar leiðir um skóginn.

Hérinn hafði orðið var við skráð í laufinu. Hann sat keiþréttur og hélt uppi framlöppunum, því hræðsla hafði gripið hann.

Svo var það einu sinni sem oftast, að vestanvindurinn var árrisull, því hann átti langt að fara. Hann fór með geisi-hraða og hávaða miklum. Hann vakti upp alla hjá Ægi bónda, og dætur karls, sem eru léttgeðja og gamansamar, risu upp á olnboga í rúmum sínum, til þess að sjá þess betur þann, sem kom inn var, en dagur skein inn um skýjagluggana, á herðar og

hálsa hörundshvíta. Og bringa hafsins hófst, eins og hlátur byggi í djúpinu.

Hæ, hó! hvein vestan-vindurinn, þegar hann náði skóginum; og svo sentist hann frá einu tré til annars, lagðist á greinarnar með öllum sínum þunga og suðaði uppi í trjátoppunum, eins og sjávarhljóð. Og græna, þykka barrið á stóru gröninni bylgjaði eins og grasið á velsprottnu túni, og þótti hún þá mikil og fögur.

Hún skal standa þarna eins og minnisvarði okkar, þegar við erum dauðir, og börnin okkar skulu vernda hana, sögðu menn þá.

Svo liðu nokkur ár, og akur kom þar sem skógurinn hafði verið.

Grönin stóð enn þá óhöggud og börnin léku sér kring um hana og vestan-vindurinn með sjávareltuna þaut uppi í liminu, og börnin sögðu, eins og þau höfðu heyrt fullorðna fólkið segja: „Það er eins og veðurhljóð í fjöllum.“ Og svo sögðu þau söguna af henni Blákápu og honum Rauðstakk sem bjuggu í fjöllum. Svo tóku þau höndum saman og dönsuðu í kringum stóru eikina og sungu:

Loft er blátt og ljósvarmt svið,
 lóukvak á fjöllum,
 veðurhljóð með vatnanið,
 vor í dölum öllum.
 Eins og væri efsta brún
 er um lægsta hjalla
 hýrt og bjart. En hver er hún —
 hún, sem er að kalla?

En svo horfði Hagsbótavonin lengi til jarðar, og svo lengi tjaldaði minnið um sig markaðstöflum, að börnin hættu að heimsækja grönina gömlu. Þeim þótti það nú eitthvað skemtilegra og líkara því sem þau sáu aðra gera, að tína saman kálblöð og gefa þau litlu grísunum, heldur en gömlu leikirnir

þeirra. Og þau gleymdu þeim öllum. Gröninni, veðurhljóðinu í fjöllum, sögunni og vísunni gleymdu þau. Grönnin var höggvin og flutt í burtu. En svínakjötið hækkaði í verði.

Kr. St.

Í VEÐRASKIFTUNUM.

Hvort glædist ei þor,
 hvort greikkarðu' ei spor,
 þá gígjustreng frelsisins hrærir hið lifgandi vor? ---
 Ef vinnan var ströng,
 og vetrarnótt löng,
 svo vorþráin sofnaði' í myrkrinu' og annanna þröng.
 þá vek hana, vek hana aftur af svefni með söng!
 Ef sál þín er vorlaus,
 þá verðurðu þorlaus; ---
 þú visnar upp lifandi --- kaldur og andlega dauður.
 Já, ef til vill verri
 en Ormur á Knerri,
 sem Eygló var hulin, því hann var til stórræða' ei traður.
 En þú verður eigi
 á upprisudegi
 hinu' illa né góða að liði, sem hafur né sauður,
 — því sál þín er, vinur minn! svolítill leirmoli rauður.

Þú þrældómsins barn,
 sem þurkar alt skarn
 af þrælsalans fótum, og kúgast svo auðmýktargjarn!
 Vek hug þinn og sál,
 kveik hjarta þíns bál,

og helgaðu frelsinu starf þitt og syngdu þess mál.
 Drekk vorinu, ljósinu, lífinu fagnaðar skál!
 —Hver fjörgandi hreyting
 er fár-vanans deyfing;
 hún fúann upp rífur úr arfleiddum heimskunnar kaunum.
 Og frelsisins myndir,
 þótt feðranna syndir,
 oft fjör þeirra vængstýfi, bitrum með æskunnar raunum;
 þær þroskast og stækka,
 þær þreknast og hækka,
 unz þorið og vitið og kraftinn þær hljóta að launum. —
 Þær spretta' upp sem lifandi lindir í eldbrendum hraunum.

Burt kúgenda fjöld,
 burt kvalara öld;
 hætt kveinstöfum, veslingur! heimtaðu rétt þinn og völd!—
 Burt þrælsóttans trú,
 burt þjóðvanans trú,
 burt þýlynda skáلكahjálp — Krists-lausa biblíu trú—
 þú ert aðeins villa og vélráð; — þú ert engin trú!—
 Brjót helvítis helsið,
 reis himinsins frelsið
 á heilögum sannleikans grundvelli: — kærleikans anda.
 Breyt kongshöll í skóla,
 gjör kyrkju að skóla,
 sem kenni oss æðstu lífs-spekina:— breytnina' að varða—
 að *eg* sé *þér* hjálpin
 og *þú* sért *mér* hjálpin —
 er það ekki Jesú Krists lögmál, sem *ætti* að standa?
 —Hvort skiljið þér lífið— *þér!* skrumarar siðaðra(?) landa?

Þorsteinn Þorsteinsson.



Vitnisburðurinn um Krist.

„Þessi afvegaleiðir alþýðuna,
bannar að gjalda keisarannum
skatt og segist vera konung-
ur.” LÚK. 22. Kap. 4. v.

Frá þeim tíma að kenningar Meistarans frá Galilea útbreiddust, var ekkert er hin nýstofnaða kyrkja lagði meiri áherzlu á en vitnisburðinn um höfundinn sjálfan. Spurning Jesú, er hann í ögrandi orðum spurði Fariseana að í Jerúsalem: „Hvað virðist yður um Krist, hvers son er hann?” varð stóra spurningin og er það jafnvel til þessa dags.

Byskuparáðið til forna lagði rétrúnað og vantrúnað við það svar, eftir því hverju menn svöruðu til.

Er maður flettir upp á sögunni, og sér minst á þessari öldtrúarmenn, er það út af vitnisburði þeirra um Jesú. Á þessum tíma aðgreinir orþodoxa kyrkjan alla þá frá, er annan vitnisburð bera um hann en hún. Mönnum getur komið saman um hvað felist í kenningum hans, hverja þýðingu þær hafi fyrir siðfræðina og göfgun mannlegs hugarfars. En leiðirnar skiftast altaf út af persónunni og hinni sögulegu afstöðu hans við samtíðina. Það er út af vitnisburðinum um Jesú, að skiftingin er jafn margvísleg í kyrkjunni og að vér Unítarar erum nefndir vantrúarmenn, af því vér berum vitni um þenna mann, öðru vísi en miðalda kyrkjan.

Ef vér setjum til síðu öll Apokryfisku ritin frá fornöld kristinnar, og förum að dæmi fornkyrkjunnar í því efni, eins og t. d. Barndómssöguna, Marju-guðspjall, Nikodemusar-guðspjall og ótal fleiri, þá verða elztu heimildirnar um Meistarann er nú finnast skráðar, þau fáu orð sem finnast í bréfum Páls um Jesú, og það sem um hann er talað í riti því er fanst, ekki alls fyrir löngu og nefnt er „Didache”, eða „Kenning þeirra tólf”. Báðar þessar

heimildir, skýra alls ekkert frá æfi eða persónu, en fara nokkrum orðum um kenningar hans; má því að öllu leyti sleppa þeim sem vitnisburði er nokkuð verði byggt á. Verða þá eftir tvar heimildir, það er persónulýsing fyrstu þriggja, eða samstaðu guðspjallanna, og Jóhannesar guðspjall, er um verði talað frá fornum tíma. Hvorug þessi lýsing er þó beinu vitnisburður sjónarvotta, þó að líkindum samstaðu guðspjöllin séu lygð á sögulegum grundvelli. Aftur er Jóhannesar guðspjall heimspakileg ritgjörð, og alls ekki saga, eins og hinu langi formáli guðspjallsins bendir til.

Vitnisburður þessara tveggja heimilda er sá elzti er vér höfum um Krist, er því fróðlegt að bera hann saman. Lúkas byrjar bók sína með formála, eins og Jóhannes. Hann segist skrifa vini sínum Þeofilusi til fróðleiks og uppbyggingar um þá atburði er gjörst hafi í sambandi við þenna dularfulla mann. Hann byrjar með þjóðsögninni um yfírnáttúrlegann getnað, en að henni lokinni kemur æfisagan, mjög svo óbrotin. Jesú er fæddur og uppalinn í Nazaret, er fátakur, og af fátakum kominn. Um þær mundir, í líkingu við spámennina gömlu, er maður að ferðast um og prédika, er Jóhannes heitir. Ofsa og æsinga maður, er fyrirdæmir allt þrjál og skipulag þessa heims. Hann sveltur heilum dögum eða lifir á viltum ávöxtum jarðar. Hann klæðist dýraskinum. Þessi maður er einnig attaður úr Galílea. En í Galílea var margt að á þeim dögum, er þrengdi kosti manna. Þar bjó fólk af ýmsum þjóðflokkum, því þar mættust þjóðirnar að vestan og þjóðirnar að austan, á sínum miklu flutningum. Jafnvel Norðurlanda þjóðir höfðu farið austur, og týnst á mörkum Sírlands og Galílea.

Skoðanir manna urðu því töluvert óaustrænar þegar öllu sló saman. Sögnin um hebreskan uppruna fólksins og yfirráð Júðatrúarinnar hélt þó fólkinu í andlegri ánaud við mýsterisþjónustuna í Jerúsalem, og eynd landsins var oftast eignuð kúgun Rómverjans, en ekki hinu trúarlega fargi er menn hvíldu undir.

Þegar Jóhannes kom fram, og á hebreska vísu kendi öfugri trúarskoðun um eynd landsins, var eins og opnuðust augu manna.

Það var ekki Rómverjinn, ekki tollheimtumaðurinn, heldur hin andlega læging hugsunarháttarins er fólkið mól í smátt. Menntu fundu til sinna cymdarkjara, og þarna var orsökinn er augu manna hafði ekki greint fyr. Og Jóhannes varð fragur og fólk hópaðist til hans að hlusta á hann. Og Jesú fór og fólk hans. Og timburmannssonurinn varð hrifinn, og hann gekk í flokk Jóhannesar, ótta og yggjulaus, þegar samborgarar hans, af ótta við þá skriflærðu færðust undan. En Jóhannes hafði á sér óvild Farisea og skriflærðra, og þeir gátu gjört Herodes hræddan við hann, því alt afturhald og kúgunarvald á ætíð sameiginlega óvini. Og Herodes lét kasta honum í myrkvastofu og myrða hann.

Í litlum þorpum er hver smánýjung stór og fljót að berast. Nazaret varð fljótt vör við hvað Jesú hafði gjört, og hann féll fljótt úr vináttu við höfðingjana þar. Hann var eini uppreistarmaðurinn í þorpinu, svarti sauðurinn, í þorpinu er orð hafði á sér að vera það atkvæðaminsta, jarðflatasta, vesælasta þorp í allri Galilea. Því svo var það lítifjörlegt að til var máltæki meðal Galilea: „Getur nokkuð gott komið frá Nazareth?“ Þar var eitt samkundu hús, og þeir sem þar þjónuðu, lesarinn og útleggjarinn, æðstu höfðingjarnir.

Lesarinn og útleggjarinn og samkunduradið, var aðal aðall þorpsins, og hvíldi tign þeirra á því að musteris ánauðin héldist, og þá stóð á meðan samkunduhúsið. Í jafn lítillmótlegu þorpi hafa þeir verið taldir feikna miklir menn er enginn dirfðist móti að mæla. Þeir höfðu frétt hvað Jesú hafði gjört, að einn uppeldissonur þeirra hefði hneykslast á trú feðranna og væri farinn að kenna á móti valdi sínu. Hugur þeirra til hans varð þá ekki meðmæli með honum í Nazareth.— En eftir að Jesú féll á mál Jóhannesar, byrjar hann að taka þátt í kenningum hans. Svo er Jóhannes tekinn. Hann hafði hallmælt hirðlífi Herodesar, og gaf því átyllu. Tekur timburmannssonurinn þá við, og hið fyrsta er að hann hugsar til Nazareth. Þar átti hann frændalið, þar þekkti hann alla, þar var einn einasti kúgunarblettur Galilea lands. Var ekki líklegt að fólkið vildi veita honum áheyrn og rísa á fætur, hrista af sér hlekki?

Hann snýr þangað. Það var á Sabbathsdag. Lesarinn og útpýðarinn höfðu lokið Sabbathmessu og hann fær að standa upp og tala. En hann velur orð sín úr Spádómsbókinni er helzt gat talað upp í frelsisprá manna. Hann hafði ekki fyrir lokið við en hann er tekinn höndum, leiddur út úr samkundu húsinu, út úr þorpinu og brynt út fyrir borgarvegginn. Þar áttu ekki hans illræmdu skoðanir að festa ratur. Öldungarnir ætluðu að sýna honum það strax. Hann hafði ekki áttað sig á því þá, eins og síðar, að ekki væri til neins, að „kasta perlum fyrir svín.“

Hann fór. „Það er enginn spámaður í sínu föðurlandi.“ Svo hóf hann hann kenningar sínar á öðrum stöðum, honum var vel tekið. Það andaði í gegn um þær allar mannúð. Og hin grimma guðshugmynd Jóhannesar, er hann ógnaði mönnum með, snerist í huga hans upp í mannúðarhugsjón. Hugur hans fór að líta yfir meir og meir af þessum heimi. Í náttúruuni sá hann ekkert af hinu illa. Svo djúpt sem hann gat lesið var upphaf og endir mannglegrar óblessunar, í félagslífi manna sjálfra. Ranglátu dómarnir voru allir í mannfélaginu, ótrúu ráðsmennirnir, týndu synirnir. Í öllu, er hann segir, andar ást til þessa heims, lífsins og lífgjafans.

Heimspeki hans var ofur einföld. Sannasta guðshugmyndin er sú, er ást og réttlætistilfinning manna sjálfra skapa í tilliti til þeirra, er mönnum þykir vænst um; eins og hvað faðir vill gjöra fyrir son, móðir fyrir dóttur, vinur fyrir vic. Þannig er guð, hann er faðir og móðir og vinur allra manna. Í samstæðu guðspjöllunum er það þó oftast að hann brýnir fyrir mönnum bróður skylduna, en ekki svo mjög guðshugsjónina. Men eiga að gjöra hvora aðra sala, heiminn góðan, til þess þeir þurfi ekki að deyja, svo þeim fái vegnað vel. Jesú er óvinur dauðans, það kemur alstaðar í ljós. Ætíð bregður skugga yfir huga hans þegar hann minnst á dauða. Hann líkir honum við nótt, „nóttina þá enginn getur unnið“.

Þá eru dæmisögurnar allar skýring þeirrar myndar er samstæðu guðspjöllin sýna af honum, svo hún verður næsta mannleg. Þær eru allar teknar úr daglegu lífi, um algengustu störf manna, og nokkrar þeirra vottur um þroskaleysi í skilningi, á al-

gjöru réttlæti, en þó svo sagðar og notaðar eins og segjandinn finni alls ekki til þess — og fella sig ekki að tilfinningum vorum nú. Má til dæmis taka söguna af Víngarðsherranum. Vér vorkennum þeim sem mögluðu, og borið höfðu hita og þunga dagsins, en gjörðir eru jafnir slóðum og slæpingjum. Það var ekki rétt og er ekki rétt.

Sama má segja um þær ýmsu hugarhreyfingar hans, er koma fram í reiði og kaldyrðum til Farisea, háði og fyrirlitningu við valdstjórnir, er töldu sig betri en aðra menn og hallmælti almúgafólkinu er hlustaði á hann, hversu hann lét jafnan kenja krók á móti bragði í spurningum og svörum. Allt þetta ber vott um *Manninn*. Hann langaði til að vita hvað um sig væri sagt og var ekki sama um. „Hver segja menn að eg sé, og hver segið þér að eg sé?” Þó bera vinamál hans þess ef til vill ljósastan vott, hversu menn skiftust í álitni á honum, í megna óvini og tryggja vini, að þar er um *mann* að ræða.

Samhljóða vitnisburður samstæðu guðspjallanna, þegar því er vikið til hliðar er sérkennilegt er fyrir þá öld, í meðferð og framsetningu frásagnanna, er sá, að hann hafi verið mjög svo mannleg vera.

Aftur er vitnisburður Jóhannesar guðspj. á annan veg. Í for-málanum segir hann að Jesús sé guð, Orðið, er allt hafi skapað. Er þannig byrjað, með því að staðhæfa það sem guðspjallið tekur sér svo fyrir að sanna á eftir. Guðspjallið sjálft getur tæplega talist æfisaga, heldur heimspekisleg ritgjörð um persónugildi hans, og vitnisburður þess því næsta lítils virði.

En til er einn vitnisburður enn, frá þessum tíma, er felst í hreimi guðspjalla sagnanna og meir í því sem ekki er sagt heldur en því sem sagt er. Þann vitnisburður mátti nefna vitnisburður vina og lærisveina. Það er tilraun til að finna „enga sök hjá honum.” — Það er vitnisburður mannglegra tilfinninga, er sakna og sviða, vinar missir, og brigzl hinna eftirlifendu. Þeir reyna að bera af sínum látna leiðtoga alla bresti og yfirsjónir, ganga jafnvel svo langt, að þeir gjöra úr persónu hans óskiljanlega veru, er var hjartaheit en þó syndlaus, aumkaðist yfir breyzkleikann en þekkti hann ekki sjálfur. En þannig mun Jesú aldrei

hafa verið. Lífið hefir hann þekkt eftir því sem það gjörðist þá. Og í hans eigin orðum ber hanu það ekki af sér. Hann segir að menn segi: „Sjáið vínsvelginn og mathákinn, vin tollheimtumannanna og bersyndugra.“ Hann segir að Jóhannes hafi leikið fyrir þeim jarðarför en þeir ekki viljað gráta. Sjálfur segist hann hafa leikið brúðarspil og þó vilji þeir ekki dansa.

Hver öld hefir sín hæversku og kurteisis boðorð. Öldin forna og öldin nýja. Og vinirnir vildu láta hann geta heyrt undir velsæmis reglur sinnar tíðar, þótt með því óafvitandi vari þeir að mannskemma persónu hans. Það var ekki í þeirra augum skerðing á göfgi hans að hann væri eins og þeir æðstu landsins, þeir skildu ekki betur kenningar hans en það. Aftur, ef tekinn er vitnisburður ákærendanna, sem handtóku hann og sakfeldu, þá, að minni hyggju, er sá vitnisburður næstur sanni. Falsvottarnir, sem guðspjöllin nefna svo, eru ekki falsvottar. Þeir sögðu satt. Hann var maður sem afvegaleiddi alþýðuna, af brautum musterisþjónanna.

Vitnisburður þessi er sálarfræðislegur réttur, og á heima um hvern þann mann, er stefnir í sömu átt og Jesú. Sá sem eftir hjá mönnum trúna á sjálfum sér, kemur honum til að sleppa öllum ótta við hið yfirnáttúrlega, en útpýða kærleika guðs, eftir þeirri bendingu er honum er gefin — þeim kærleiksneista er felst í hans eigin hjarta — sá, sem losar menn við óþarfa ótta og kvíða fyrir eigin lífi, en kennir þeim að bera traust til tilverunnar og tilverunnar föður, sá, sem aftekur fórnir og föstur. Sá sem alt þetta aðhefst afvegaleidir alþýðuna, ef það er skoðað frá sjónarmiði hefðar og helgisiða, þó með því móti kenni hann ekkert nema sannleikann og segi mönnum að „leita sannleikans, því sannleikurinn gjöri þá frjálsa.“

Ýmsir menn nú, álíta að þessi útlegging vor á sakargiftinni gegn Jesú sé ekki rétt, og menn, með nokkra réttlætistilfinningu í brjósti, hefði aldrei látið sér það verða, að dæma mann til dauða fyrir slíkar sakir. En bíðum við. Flestir munu játa, að heiminum hafi skilað áfram síðan á þeim dögum, réttlætismeðvitund manna vaxið að mun, en þó eru þess víða dæmi, að alveg er eins lítið á þá menn, er nú koma fram og bjóða hið

sama og Jesú: „að leita sannleikans, því sannleikurinn gjöri þá frjálsa.“ Þeir eru taldir hættulegir menn, ofsóktir eins og glæpamenn, og mundu dæmdir til dauða ef lög entust til. Það má finna ótal dæmi þess nú í seinni tíð.

Flestir munu kannast við mann, er nú er látinn fyrir tapum 10 árum, lögfræðinginn Robert G. Ingersoll. Enginn hefir verið meir úthrópaður og karður fyrir að afvegaleiða alþýðuna hér í Vesturheimi heldur en hann. Þó má með sannri segja að flestar hans ræður og rit sé að *dæmi* Jesú. Hann réðist á ósannindi og óeinlægðni í skoðunum, á fávísi þjóðtrúarinnar og grimd guðfræðinnar fornu. Hann barðist móti þrælsótta í hugsunarhætti og setti ofaní við vandlátara og hrásnara með bitru háði. Hann lagði fyrir sig að bæta siðfræði trúarinnar, og kenna fólki að virða gjafir þessa lífs og snúa þeim ekki upp í óblessan. Hann lifði því víðtækara lífi en Jesú, að hann var bæði faðir og eiginmaður. Og hann var ágætis faðir, hann valdi dóttur sinni góðar gjafir, eftir því sem hann hafði bezt vit á. Hann var ágætis húsfaðir og eiginmaður, svo þeir gjörast ekki betri. Hann var viðkvæmur tilfinningamaður, elskaði hverja mannlega tilfinningu, og hvern andardrátt sem bærðist frá lifandi brjósti. Hann var tryggur vinur, ástrikur sonur og sómi síns föðurlands. Og hvað meira getur einn maður verið? Er hann var í hernum, meðan á hinu hörmulega þrælastríði stóð, var enginn meir virtur og elskaður af liðsmönnum sínum en hann. Hann átti svömikið þrek, styrk og lífsgleði, að jafnvel hermennirnir, skotnir og helsærðir í herbúðunum, gátu ekki dáið rólega nema þeir fengju að sjá hann. Hann var ætíð svo viss, svo öruggur, svo einbeittur, svo þýður og tilfinningaríkur. Auðvitað afvegaleiddi hann alþýðuna; hann hæddist að 19. aldar Fariseum og Saduseum og að annarslífs málverkum þeirra fáfengilegum, að falslærdómi bókarinnar er leiða átti menn í allan sannleika, en er enginn mátti þó byggja á né treysta á, ef hann ætlaði að verða mentaður maður, og hann benti á feil Mósesar og grimd Kalvins. En hann trúði á þetta líf, hin eilífu lög guðs, sem eru undirstaða allrar vorrar tilveru, og þau hæddi hann aldrei eða hallmælti. Hreinni ást, sönnu vinfengi, meðaunkun með lítill-

magnanum, karlmensku í þrautum og hættum, hreinskilni í skoðunum, — öllu þessu unni hann, og það var honum heilagt, um fram alla hluti á jörðinni.

En samtíðin þoldi hann ekki, „hann afvegaleiddi allýðuna,“ eins og Jesú, og yfir dauða hans glótti margur í musterunum, og ef vér hefðum getað heyrt hvað ýmsir sögðu í hjarta sínu, ætli það hefði þýtt nokkuð nema setninguna fornu, „þessi falsari sagði, meðan hann lifði, að hann myndi rísa upp, setjum vörð um gröf hans“ — vörðinn, sem settur hefir verið um gröf Rosseaus, Voltaire's, Byrons, Ariusar, Kants, Darwins, Júlíans keisara, Abelairds og ótal fleiri.

„Sjá þann mikla flokk sem fjöll,“ segir sálmurinn. Er það ekki furðulegt, að horfa yfir heiminn, og sjá hóp varðanna við grafir mannkynsins göfugustu sona, er gæta eiga þess, þeir rísi ekki upp, og verðirnir eru: öfund, hatur, ofsókn, falskaður, brim og gall metorðasjúkra, valdgýrugra trúaðra sálna, er þó bera vilja nafn eins þeirra, er misskilningurinn og fávísni heldur að fangi í gröfinni.---

Þá má taka annað dæmi, af núlifandi manni, háskólakennara Ernst Hæckel, við Jena háskólann á Þýskalandi. Hann, eins og allir þeir Darwinskir líffræðingar sem nú eru til moldar gengnir, hefir helgað alt sitt lífstær í þarfir mannglegrar þekkingar, til þess að auka og breikka yfirgrip mannglegrar sálar á tilveruríkinu sjálfu. Engan annan tilgang hafa þeir haft, og engir sannir vísindamenn hafa nokkru sinni nokkurn annan tilgang. Hversu viðleitni þeirra var tekið fyrrum, er gömul saga nú, er allir kannast við. Nú fyrir tveim árum síðan, er öldungnum góðkunna, Hæckel, á 74. aldursári, boðið að flytja 3 fyrirlestra í Berlín Akademiínu fræga, um þýðing framþróunar-kennningarinnar sem útskýring lífs-tilverunnar á jörðinni. Hann er búinni að vera kennari í líffræði í síðastliðin rúm 40 ár, og meira en nokkur núlifandi fræðimaður hefir hann rannsakað allskonar jurta og dýra tegundir, og ferðast í þeim erindum um allar jarðir.

Eftir rannsóknum sínum hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að samkvæmt vitnisburði hinnar ytri náttúru, geti Or-

þodoxían ekki fundið kenningu sinni um manninn nokkurn stað, og hann hefir látið þá skoðun í ljósi. Hann hallast að því, að lífstilveran sé eining, og lífsmyndirnar mörgu, sé framþróun frumefnanna er sífeldum breytingum taki, eftir því sem skilyrðin breytast og endurtekningin verður oftar. Guð er aflið, lífs-mynda-tilsókn alheimsins. Efnið sækist að birtast í ýmsum myndum, það er eðli þess, það er guðs-eðlið, eða í hans eigin orðum: „Vor guð er hið altverandi tilveruefni alheimsins, guð náttúrunnar, eins og hjá Spinoza eða Göthe. Hann er hið sama og hinn eilífi allífgandi kraftur og einn og hið sama og hið eilífa óendanlega efni er fyllir allan eilífðar geim. „Í honum lífum hrærumst og erum vér,“ eins og Nýja-Testamentið segir, hann lifir og hrærist í öllum hlutum. Og þar sem vér vitum að eðlislögmál efnisins nær til alls, að máttur og frumefni tilverunnar er óförgengilegt og óaðskiljanlega samtengt, og hin eilífa upphaldslausa framför og breyting þessa efnis, fylgir jafnan hinum sömu ófrávikjanlegu lögum. Þá finnum vér guð alstaðar í náttúrulegumálínu sjálfu. Vilji guðs er verkandi í hverjum regndropa er fellur til jarðar, hverjum krystallsmola er vex og myndast, í angan blómanna og anda mannsins.”

Þetta er hans trúarjátning, sannarlega ekki ófögur né ósamboðin sönnum vísindamanni. En svo í ofsóknum þeim, sem hann hefir mætt, fyrir sínar vísindalegu skoðanir, hefir hann stundum hent að gjöra gaman að hinni orþodoxu guðsmynd og á máli líffræðinnar nefnt hana „loftkent hryggdýr.”

Þegar honum bauðst þessi heiður, er fáum mun veitast er ekki eru við almanna skap, að koma til höfuðstaðar föðurlands síns, grár og á gamals aldri, og útskýra þar fyrir mönnum lífs-skoðun sína, er vaxið hafði og skýrst fyrir honum í 50 ára starfi í þarfir vísindanna, sagðist hann hafa efað sig, „vegna þess. hann hefði aldrei tilheyrt þeim yndisþýða flokki, *sáttargjörðamönnunum*, en tamið sér þann vana, að segja afdráttarlaust til skoðana sinna, er í hálfra öld hefðu skapast hjá sér við alvarlegar íhuganir og rannsóknir.” Hann vissi sem var, „að vandi er að færa orð og atvik, í öllu að líki Metterniki,” En hann fór, og eru ræður þær, er hann flutti þar, vitnisburður gamals manns

á sannleika, speki og furðuverkum þessarar tilveru. En hvað skeður? Meðan á fyrirlestrum hans stendur, er ráðist grímdarlega á hann og persónu hans í blöðum beggja stórkirkna landsins, Kapólsku og Lútersku kyrkjunnar, og formenn dómkyrkna þessara tveggja, í Berlín, setja menn við dyrnar á fyrirlestrarsalnum, til að útbýta meðal þeirra, sem inn ganga, prentuðum blöðum með persónulegum óhróðri um vísindamanninn gamla og gráhærða, er segja var mönnum sínar innstu hjartans skoðanir og dró ekkert undan. Segja þeim að vilji guðs þess er hann tryði á, „væri verkandi í falli regndropans, í myndun krystallsins, í angan blómsins og í anda mannsins.”

En sakarkæran á Hæckel, að hann afvegaleiði alþýðuna, er sönn. Sá áburður var sannur á Krist, hann er sannur um alla þá sem lifa í heimi trúar, lista eða vísinda í anda og stefnu Jesú. Og heimurinn er ekki ennþá kominn svo langt að hann þoli það ummælaust. En þó menn afvegaleiði eins og ótal skrípatrúar menn, Beck eða Booth og aðrir hershöfðingjar heimskunnar, það þola menn orðalaust, enda sleppa þeir sér ekki langt út fyrir hinn vel troðna alfara veg.

Lærisveinarnir hafa ekki skilið meistarann þegar þeir fara svo orð sín að frásögninni um hann, að þetta hafi verið falskæra á hendur honum. Sálarfæðislega var sú ákæra sönn. Öll ríkis trúarbrögð allra alda enn sem komið er, er ráða trúar og siðferðislöggjöf þjóðanna, hlýtur að dæma þá alla afvegaleiðara, er undir breytilegum kringumstæðum mannglegra framfara kenna í anda og stefnu Jesú.

Alveg óhjákvæmilega hlýtur síðari grein kærunnar að skoðast sönn: „Hann neitar að gjalda keisaranum skatt.” Þótt hann hefði ekkert um það sagt, þá leiðir það af kenningum hans, um manninn, um tilgang þessa lífs, um alveldi guðs o.s.frv. Hvað þá heldur ef orðin „framar ber að hlýða guði en mönnum” eru eftir honum höfð.

Til er saga í samstæðu guðspjöllunum, þar sem Jesú á að vera spurður, „er leyfilegt að gjalda keisaranum skatt?” og hann biður um pening og spyr hvers mynd sé á peningnum, og honum er sagt að það sé mynd Keisarans. Segir hann þá

„Gjaldið keisaranum hvað keisarans er og guði hvað guðs er.“ Saga þessi sýnir það gagnstæða við það, sem hún hefir oftast verið látin tákna, að hann hafi boðið að gjalda skattinn. Svarið er tvírátt. Hvað er það, sem er keisarans? — Hvaða lög guðs og náttúrunnar skipa hann drottnara manna á jörðinni? Fýrr en því er svarað er alls ómögulegt að svara hinu. Til er að vísu önnur saga, í Matth. 17, 24. Þar sem hann er látinn greiða skatt, skipa Péttri að fara til sjávar og sækja fisk með pening í munnum. Sú saga er landstjórnum konungkjörnu gott guðsorð, og ef til vill fleirum. En af því þeir eru fáir fiskarnir í sjónum með peninga í munnum, má kannske sleppa þeirri sögu sem nokkurri sönnun, þó, „sérhver skyldi halda sannfæringu í huga sínum.“

Það gegnir furðu hve öflugar stóðir hafa verið tilbúnar undir háseti stólkonunga úr svarinu „gjaldið keisaranum hvað keisarans er,“ og hve vel hefir farið á með öllum keisurum og Jesú nafni, þegar það er athugað hvað í svarinu felst og hve ósamkvæmt það er öllum hans kenningum um andlegt frelsi. Því til hvers er að boða mönnum frelsi og halda þeim samt í ánaud? Það er hugsunarfræðislega rangt og ómögulegt.

Sama má segja um síðustu grein kærunnar, „hann segist vera konungur.“ — Sannur áburður. Athugum hvaða skilning hann lagði í það. „Rétt svarar þú,“ segir hann við Pílatus. „að eg sé konungur, því til þess em eg fæddur og til þess em eg í heiminn kominn, að eg beri sannleikannum vitni.“ Það er konungs einkennið, sem ekki er einum veitt, heldur öllum mönnum, er leggja síðfræðis hugsjónina sér að lífsreglu.

Í hvers manns brjósti talar rödd réttlætisins, með algjöru valdi, um allar athafnir, hugsanir, siði og venjur manna. Í sameiginlegum vitnisburði, réttlætistilfinning manna, felst alsherjar síðalögmál, konungsvald alls mannkynsins; og á sama hátt, í takmarkaðri skilningi, konungsvald hverrar þjóðar. Það er hið eina konungsvald sem til er. Og hver sem talar því máli, lifir þeirri hugsjón, hann er konungur, „kennir eins og sá sem vald hefir.“

Lög og réttur þjóðanna á að vera sniðinn eftir þessari hug-

sjón, fela í sér konungsvaldið. En þessu er oft ekki þannig varið og margur má oft misbjóða velsæmis skoðunum almenna álitsins og jafnvel lögum landsins, vilji hann gjöra það sem rétt er. Því margt af hvorutveggju er oft meira orðið til af hendingu, af því einhver hefir haft hátt, og menn hafa hugsunarlaust gengið á hljóðið, en hinu að Réttlætið sjálft hafi lesið það fyrir. Enda líkjast verkanir þeirra skipana engu framar en hlaupasótt. Þó dylst engum, að menn fyrirgefa langtum tregara brot þeirra boðorða, en réttlætis brotið. Þá skilur maður líka hve þung reiðin verður til þess manns, er brýtur þau, af því að hann sé æðri þeim boðum — „sé konungur.“ En þannig var afstaða Jesú gagnvart þeim setningum, og hefir það án efa, styrkt margann til að hrópa fyrir utan ráðhús Pílatúsar: „Burt, burt með hann! Krossfestu hann! Hann er ekki konungur, hann er brotlegur að *eorum lögum!* Vér höfum engan konung nema keisarann!”

„Falsvitnisburður” presta þjónanna, svo nefndur, um Jesú, er sannur. Þess vegna hafa líka kenningar hans gildi fyrir samtíð vora og ókomna tíma. En mikið af hinum svo nefnda *sanna* vitnisburði, um hann, er falskur, og fleiri og fleiri að hverfa frá honum, og viljum vér athuga það mál síðar, ef kringumstæður leyfa.



MANNGILDIÐ.

Engin höll er of há
 fyrir hnokinleik þinn,
 þó að hásetum raðað sé þar. —
 Engin kró er of lá
 fyrir konungdóm þinn,
 ef að kvikandi líf blaktir þar.

Stephan G. Stephansson.



Um veðrið

eftir

JEROME K. JEROME



ÞAD GENGUR alt öðruvísi en það ætti að ganga fyrir mér. Eg ætlaði mér að finna upp eitthvert nýtt og lítt kunnugt efni, í eina af þessum ritgjörðum mínum. „Nú ætla eg að skrifa ritgjörð, um eitthvað alveg nýtt,” sagði eg við sjálfann mig; „eitthvað sem enginn hefir ritað eða talað um, nokkur tíma áður, og þá get eg haft það rétt eins og mér sýnist.”

Og svo reyndi eg, dögum saman, að hugsa um eitthvað af þessu tagi, og gat það ekki. Svo í gær kom hún Mrs. Cutting, sem gerir ýmsa smásnúninga fyrir okkur. Það gerir ekkert til, þó eg minnst hennar með nafni, því eg er viss um að hún les þessa bók aldrei. Hún gæti ekki þolað jafn léttúðarlega bók. Hún, sem aldrei les neitt nema Biblíuna og „Lloyd's Viku-Fréttir.” Allar aðrar bókmentir eru að hennar áliti ónaðsynlegar og synd að lesa þær.

„Drottinn minn góður” sagði hún, „þér lítið þreytulega út.”

„Já, Mrs. Cutting,” sagði eg. „Eg er að reyna að hugsa um eitthvert efni í ritgjörð, sem komi flatt upp á veröldina. — Eitthvert efni, sem engin mannleg vera hefir áður sagt orð um, eitthvað, sem verður regluleg nýjung að heyra, og sem verður kröftuglega frumlegt.”

Hún hló, og sagði að eg væri dálítið skritinn maður.

Svona gengur það til fyrir mér! Þegar eg geri einhverja alvarlega uppgötvun þá hlær fólk að mér, þegar eg reyni að spauga þá sér enginn maður spaugið. Eg hafði ágæta skriflu í vikunni sem leið, — mér fannst hún bara fyrirtak, — og eg hafði hana tilbúna hvar sem eg var, og komst svo að með hana í samsæti, sem eg var í. Eg er nú búinn að gleyma því hvernig það var, en við höfðum eitthvað verið að tala um afstöðu Shakespeare's gagnvart siðabótini, og eg sagði eitthvað og

bætti svo undir eins við: „Það minnir mig á nokkuð skrítið, sem vildi til hérna um daginn.“ „Jaja,“ sögðu þeir sem viðstaddir voru, „hvað var það?“ „Ó, það var nokkuð fjarska skrítið,“ sagði eg, byrjaði sjálfur að hlagja, „þið skellið víst upp úr þegar þið heyrið það.“ Og svo sagði eg þeim skrítluna.

Það var steinhljóð þegar eg var búinn. — Það var ein af þessum löngu skrítlum. — Loksins sagði einhver: „Var þetta allt gamanið?“

Eg fullvissaði hann um að svo væri. Allir voru mjög kurt-eisir og rengdu ekki orð mín, allir nema gamall maður, sem sat við hinn endanu á borðinu, hann vildi fá að vita hvort spaugið væri innifalið í því sem hann hafði sagt við hana, eða í því sem hún hafði sagt við hann.

Sumt fólk er aftur þvert á móti. Eg þekkti einu sinni mann, sem var svo hláturgjarn að edlisfari, að ef maður ætlaði að tala alvarlega við hann, þá varð maður að útskýra það fyrir honum áður, að það sem maður ætlaði að segja væri ekkert hlægilegt. Ef maður kom honum ekki til að skilja það, þá veltist hann um af hlátri, við hvert orð sem maður sagði. Eg sá hann stundum, þegar hann var spurður hvað klukkan væri, nema staðar á götunni, slá höndunum á lærin og reka upp skellihlátur. Maður þorði aldrei að segja neitt hlægilegt við þann mann. Góð skríttla mundi hafa drepið hann, þar sem hann stóð.

Eins og nú stóð á, mótmælti eg harðlega ásökuninni um alvöruleysi og lagði fast að Mrs. Cutting að gefa mér einhverja góða hugmynd. Hún fór að hugsa sig um, svo stakk hún upp á útsaums-sýnishornum og sagðist aldrei heyra mikið um þau nú, en það hefði mikið verið talað um þá hluti þegar hún var ung stúlka.

Eg hálf færðist undan að skrifa um þessi sýnishorn, og bað hana að hugsa sig betur um. Hún stóð og hugsaði, með te-bakkann í hendinni, og loksins stakk hún upp á veðrinu, sem hún sagði að hefði reynt mjög á þolinmæðina um nokkurn undanfarandi tíma.

Altaf síðan eg heyrði þessa bjánalegu uppástungu, hefir mér verið ómögulegt að hugsa um nokkurn hlut, annað en veðrið.

Og vissulega er það hið hörmulegasta veður, sem hugsast getur. Í öllu falli er það svo nú, þegar eg skrifa þetta, og ef það verður ekki eins afleitt þegar það verður lesið, þá má hver reiða sig á, að þess verður samt ekki langt að bíða að það versni.

Okkur finst veðrið altaf vera afleitt. Það er með veðrið eins og með stjórnina, altaf er það öðruvísi en það ætti að vera. Á sumrin segjum við að það sé steikjandi heitt og á vetrum er það drepanði kalt; á vorin og haustin kvörtum yfir að það sé hvorugt, og óskum að það vildi vera annaðhvort. Ef það er gott og þurt, þá segjum við að landið sé að eyðileggjast, vegna rigningaleysis; ef rignir þá biðjum við um þurt veður. Ef ekki snjóar undir eins í Október, þá reiðumst við, og okkur langar til að vita hvað muni vera orðið af Vetri gamla; við tölum þá eins og við hefðum verið svikin um eitthvað, sem við hefðum keypt og borgað fyrir; svo þegar snjóar, þá er orðbragðið kristnu fólki til skammar. Við verðum aldrei ánægð með veðrið fyr en hver maður býr til sitt eigið veður og hefir það fyrir sjálfann sig eingöngu. Ef því yrði komið við vildum við víst heldur vera alveg veðurlaus.

Samt sem áður, held eg það sé einungis okkur sem í bæjunum búum, sem finnst eitthvað að veðrinu alla tíð. Á sínu eigin heimili, úti á landinu, er náttúran skemtileg, hvernig sem á henni liggur. Hvað getur verið fallegra heldur en snjórin, þegar hann fellur hægt og hægt í dúnalogni, eins og hann væri þrunginn af einhverju leyndardómsfullu afli. Og hvað það er skemtilegt að ganga, þegar það tekur undir í frosinni jörðinni, við hvert fótatak; þegar hreina og tæra loftið setur blóðið í hraðari hreifingu, og fjárhunda galtið og hlátur barnanna, hljóma eins og skærir bjöllutónar, hæð frá hæð. Eða þá að renna á skautum, það er eins og maður svífi á stálvængjum yfir svignandi ísbreiðuna, með lágu suðandi hljóði. — Og hvað vorið er yndislegt. Þá er náttúran ung og fögur; þegar að litlu laufinu eru að byrja að gægjast út, hrein og óflekkuð, eins og unglingsur, sem er að leggja af stað, feiminn, út í hinn iðandi heim. — Þegar eplatrén, þakin hvítum og rósrauðum blómum, sem líta út eins og sunnudaga-búningar litlu stúlkanna, hylja hvítmál-

uðu bæjarhúsin í skjóli sinnar skammvinnu dýrðar, en golan ber fuglasönginn í gegn um skóginn. Og sumarið, með sína djúpu og dimmu grænku og hægláta nið, þegar að regndroparnir hvísla leyndarmálinu að hlustandi laufblöðunum, og rökríð læðist hægt og gætilega yfir veginn. — Eða haustið, hvað það er fagurt og saknaðarfullt, með sinn gullna litblæ og deyjandi dýrð marglitu skóganna, með dimmrauð sólarlög og vofukendar kvöldþokur, með garðana fulla af ávöxtum, uppskeruna og þakklætis hátíðina.

Rigningin og slyddan og haglið eru eins og gagnlegir þjónar nátturunnar, þegar þau gera sína einföldu skildu um landið, og sjálfur austanvindurinn er ekki verri en raupsamur kunningi, þegar við mætum honum á milli limgirðinganna.

En í bænum, þar sem málaðir kalkveggir brennast í sólskininu og rigningin gerir alt blautt og forugt, þar sem snjóinn liggur í óhreinum hrúgum og vindurinn blæs napurlega í gegn um óþverraleig stræti, og þýtur veinandi fyrir gaslýstu strætishornin, þar eru allar ásýndir náttúrunnar leiðinlegar.

Veðrið í bæjunum er eins og lævirki á skrifstofu, það á þar ekki heima og er altaf til óþæginda. Bæirnir ættu að vera undir þaki og lýstir rafmagnsljósum. Veðrið er eins og sveitastúlka, sem kemur klanfalega fyrir í bæjar-týzkunni.— Okkur þótti gaman að leika við hana á heyvellinum, en hún er ekki eins töfrandi þegar við mætum henni í skemtigörðunum. Hjartanlegi, hreini hláturinn, sem lét svo ve' í eyrum í sveitinni, lætur illa í eyrum innan um alla uppgerðina sem fylgir bæjarlífinu, og framkoman verður öll mjög þreytandi.

Rétt núna höfum við haft upphaldslausa rigningu í þrjár vikur, og eg er votur, blautur, gegndrepa, — illa á mig komin skepna,— eins og Hr. Mantelini kallar það.

Nágranni okkar, sem býr í næsta húsi, kemur út í garðinn sinn öðru hvoru, og segir að það sé hreinasta fyrirtak fyrir landið,— ekki það að hann fer út í bakgarðinn, heldur veðrið. Hann hefir engan skilning á því, en altaf síðan hann byrjaði að rækta agúrkur í fyrra sumar, hefir hann skoðað sjálfann sig sem lærðan búfræðing, og hann talar svona vitleysislega til að

koma þeirri hugmynd inn hjá nágrönnunum að hann sé upp-gjafa bóndi. Eg vildi aðeins óska að hann hefði rétt fyrir sér, og að veðrið gerði virkilega einhverjum gott. Mér gerir það heilmikið illt, það eyðileggur bæði fötin mín og geðið í mér. Eg get nú reyndar staðið mig við að verða fyrir dálitlum skaða á geðinu, því eg er töluvert vel útbúinn með það, en að sjá aumingja gömlu buxurnar mínar, og hattana, eyðileggjast fyrir tímann, í stormum og hretviðrum heimsins, það særir sálu mína.

Þarna eru nú nýju sumarfötin mín, önnur eins ljómandi fót líka! Þarna hanga þau nú, útslett með for, og eg get varla á þau litið.

Það var altsaman Jim að kenna. Já, reyndar! Eg hefði aldrei farið út, þá um kvöldið, hefði hann ekki álpast inn til mín. Eg var rétt að reyna hvernig fötin færu, þegar hann kom inn.

Óðara sem hann sá mig hrópaði hann upp: „Aldrei hefi eg nú séð annað eins.“

„Fara þau vel á bakið?“ spurði eg.

„Hreint ágætlega kunningi,“ svaraði hann, og svo vildi hann fá að vita hvort eg ætlaði út.

Eg sagði fyrst „Nei,“ en hann hafði sitt af. Hann sagði að enginn maður, sem ætti önnur eins fót, hefði rétt til að sitja inni. „Sérhver borgari“ sagði hann, „hefir skyldum að gegna við þjóðfélagið. Hver og einn, ætti að gjöra alt sem í hans valdi stendur, til að auka á sameiginlega hamingju manna. Komdu út, það gerir stúlkunum gott að sjá þig.“

Jim talar alskonar málleysur. Ekki veit eg hvar hann lærir þær, nema ekki lærir hann þær af mér.

„Heldurðu að stúlkunum þyki gaman að sjá mig?“ sagði eg. Hann fullyrti að það væri eins ánægjulegt fyrir þær, að sjá mig í þessum nýju fötum, eins og skemtiferð ofan að vatni.

Það var mér nóg. Veðrið var ljómandi gott og eg fór út. Þegar eg kom heim, fór eg úr fötunum og neri mig allann upp úr sterkri meðalablöndu, stóð með fæturna í heitu vatni, lét sinnepsplástur á brjóstið, svo borðaði eg fulla skál af graut,

drakk glas af heitu vatni með hoffmansdröpum í, bar tólg á nefið á mér og fór svo að sofa.

Með þessum varnarmeðölum, og þar sem eg er líkamlega hraustur maður, verndaði eg líf mitt. En fötin! Þau voru líkari slettuhlíf á vagni heldur en fötum.

Og mér þótti þó vænt um þau föt, en svona gengur það! Alt sem mér kemur til með að þykja vænt um, í þessum heimi, verður fyrir einhverjum hræðilegum skakkaföllum. Þegar eg var lítill drengur átti eg tamma rottu, og mér þótti vænt um þá rottu, eins og einungis litlum drengjum getur þótt vænt um eitt-hvað. En svo, einn dag, datt hún ofan í stóra skál með Stöngulberja-sósu, sem hafði verið sett í eldhúsið til að kólna, og enginn vissi neitt um slysið fyr en hér um bil var búið að borða sósuna úr skálinni.

Mér er illa við veðrið í bæjunum. Þó er það ekki eins mikið rigningin, sem eg hef á móti, eins og forin. Hvernig sem á því stendur, er eins og eg hafi eitthvert ómótstæðilegt aðdráttarafl fyrir for. Eg þarf ekki annað en sýna sjálfann mig á strætunum, þegar blautt er um, til þess að vera kominn á kaf í forina.

„Það kemur alt til af því að maður er svo aðlaðandi,“ sagði kerlingin, sem varð fyrir eldingunni. Aðrir geta gengið um, þótt for sé, án þess að fá nokkra slettu, en ef eg fer yfir um strætið þá kem eg til baka „útsvínaður“, eins og veslings móðir mín sagði mér oft, þegar eg var lítill. Þó það væri einungis ein forarsletta til í allri London, þá er eg viss um að eg myndi vinna hana af öllum keppinautum. Eg vildi eg gæti endurgoldið kærleikann, en eg er hræddur um að eg geti það aldrei.

Mér stendur stuggur af því sem þeir kalla „Lundúnaveður“ Eg er illa á mig kominn, og muggulegur á rigningardögum, og það er reglulegur raunaléttir að fara úr fötunum og komast í rúmið, frá því öllu saman. Alt gengur öfugt í rigningu. Ekki veit eg hvers vegna það er, en mér finnst altaf fleira fólk, fleiri hundar og fleiri vagnar, vera á ferðinni í rigningu heldur en endrarnær, og það flækist altsaman einhvernvegin fyrir manni, og allir eru svo leiðinlegir, nema eg sjálfur, og það gremst mér

mest. Og þar á ofan, hefi eg æfinlega meira meðferðis þegar rignir heldur en þegar þurt veður er. Þegar maður hefir poka og þrjá böggla og blað, og svo alt í einu byrjar að rigna, þá getur maður ekki einusinni opnað regnhlífina sína.

Niðurlag næst.



ÞINGBOÐ.

Hér með tilkynnist hlutaðeigendum, að fjórða þing hins Unít. kyrkjufél. Ísl. í Vesturheimi verður sett í Ísl. Unítara kyrkjunni í Winnipeg, Föstudaginn þann 12. Júní næstkomandi, kl. 2 e. h.

Í umboði stjórnarnefndarinnar

S. B. Brynjólfsson,

Varaforseti.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.